

Nr. 19-162 S 100 Guðrún GK 47***Stjórnandi sofna og strandar á Melrakkanesi***

Skipaskr.nr: 2640
 Smíðaður: Hafnarfirði, 2004, trefjaplast.
 Útgerð:
 Stærð: 11,3 brl. 14,9 bt.
 Mesta lengd: 12,07 m Skráð lengd: 11,35 m
 Breidd: 3,73 m Dýpt: 1,46 m
 Vél: Caterpillar 254 kW, 2007
 Fjöldi skipverja: 2



Guðrún©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
 Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. nóvember 2019 var Guðrún GK 47 á siglingu út af Melrakkasléttu. Veður: Hægviðri og ládaður sjór.

Guðrún fór frá Skagaströnd um kl 18:00 daginn áður og var ferðinni heitið til Bakkafjarðar. Kl. 06:05 um morguninn strandaði hún á Rifstanga á stað, 66°32'299N og 016°11'935V (sjá mynd 1).



Mynd 1 Strandstaður og siglingaferlar fyrir og eftir strandið.

Björgunarsveitir voru kallaðar út og eftir að báturinn náðist á flot dró björgunarskipið Gunnbjörg hann til Raufarhafnar. Í ljós kom að hællinn hafði laskast og skrúfan eyðilagst.



Mynd 2 Björgunarskipið Gunnbjörg með Guðrínu í togi

Við rannsókn kom fram:

- að stjórnandi bátsins kvaðst hafa sofnað við stjórn. Hann hafði tekið við stjórn hans um kl. 02:30. Fram kom að hann hefði unnið allan brottfarardaginn og samkvæmt því hefði hann verið búinn að vaka í u.þ.b. 20 klst.;
- að samkvæmt ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga (VSS) var báturinn á r/v stefnu 081° og um 10 hnúta hraða fyrir strandið. Eftirfarandi tafla (*mynd 2*) sýnir að síðasta stefnubreyting var gerð kl. 05:34 eða u.þ.b. 30 mín fyrir strandið;

Dagur/tími	Staðsetning	Aðgerð	Hraði	Ný stefna
7.11.2019 kl. 17:54	Skagaströnd	Brottför		
7.11.2019 kl.22:54	66°12'653 N - 019°02'843 W	Stefnubreyting	10,9 kn	071,0°
8.11.2019 kl.05:34	66°31'589 N - 016°24'631 W	Stefnubreyting	10,7 kn	082,8°
8.11.2019 kl.06:05	66°32'295 N - 016°12'002 W	Strandar	7,3 kn	081,3°
8.11.2019 kl.08:22	66°32'297 N - 016°11'917 W	Laus af strandstað	3,5 kn	295,0°

Mynd 3 Ferilskráning Vaktstöðvar siglinga

- að fram kom að bátnum var siglt um þremur sjómílum nær landi en fyrirmæli skipstjóra höfðu verið um örugga siglingaleið. Stjórnandi kvaðst hafa ætlað að stytta siglingatímann með því að sigla grynna og talið það öruggt þrátt fyrir að það væri dimmt og lítið skyggni. Hann kvaðst ekki kunnugur þessu svæði;
- að í gangi voru dýptarmælir og siglingatölva. Hvorugur skipverja vissi hvort þessi tæki hefðu verið með innibygðan aðvörunarbúnað;
- að ekki voru neinar fyrirfram ákveðnar siglingavaktir.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að stjórnandi sofnaði á verðinum.

Nefndin bendir á mikilvægi þess að stjórnendur skipa séu vel hvíldir.